

Nd.

252. Frumvarp til laga

[139. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason,
Sigurvin Einarsson, Matthias Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku (latínu), sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stent þáð, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. — Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar. Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur nokkrum sinnum áður verið flutt á Alþingi, og hefur því þá fylgt í aðalatriðum svo hljóðandi greinargerð:

Lengi vel var latinuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: „Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslensk menning orðin einu víginu auðugri.“

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst baráttu fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdenta frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? Slíkar menningarstöðvar mega eigi allar vera á einum stað. Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur að því sinni með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður um sinn.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistu- lagður þar með.

Menn úr öllum stjórnmalaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á rý. Og á árinu 1959 heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja aftur starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngilti 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað veturinn 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og var sú heimild veitt. Próf frá deildinni voru fyrst viðurkennd af menntaskólanum á Akureyri, en nú hafa bæði menntaskólinn í Reykjavík og menntaskólinn á Laugarvatni einnig viðurkennt próf deildar-

innar. Þetta er því góð og ánægjuleg byrjun. En það, sem einu sinni hefur gerzt, getur gerzt aftur. Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er, meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn áráddu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. — En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. — Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga í menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri — og nú heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

Þeir Vestfjarðþingmenn, sem sæti eiga í efri deild, standa einnig að flutningi málsins.